

**Sjötti fundur skráningarráðs Gegnis
Fimmtudaginn 12. febrúar 2004.**

Sjötti fundur skráningarráðs var haldinn í húsakynnum Landskerfis bókasafna Borgartúni 37, 12. febrúar kl. 14:00.

Fundarmenn:

Auður Gestsdóttir
Guðný Ragnarsdóttir
Herdís Tómasdóttir
Þóra Sigurbjörnsdóttir
Þórdís T. Þórarinsdóttir

Fanney Sigurgeirsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Sigrún Hauksdóttir sátu fundinn auk skráningarráðs.

Þóra setti fund kl 14:00.

Fundargerð síðasta fundar leiðrétt og samþykkt.

Dagskrá:

1. Marksniðið.

Sigrún greindi frá því, að Guðrún Karlsdóttir hefur lokið við að þýða marksniðið á íslensku og er það tilbúið til prentunar. Það var þýtt með leyfi frá Library of Congress og var farið eftir viðurkenndum stöðlum við þýðinguna. Þetta er mikið verk, sem búið er að vinna og nauðsynlegt að gefa út. Það þarf að prófarkalesa verkið, prenta það út og setja síðan í möppu, sem hægt væri að láta söfnunum í té. Brýnt er að marksniðið verði aðgengilegt sem fyrst á íslensku.

2. 008 sviðið og 655 sviðið.

Auður lagði fram fyrirspurn um notkun á 008 sviðinu um BOOKS. Spurt var hversu nákvæmlega ætti að nota það og taka fram form efnis. Einnig hvort hægt væri að draga út færslur eftir kóðum, sem settir væru inn í 008 sviðið, eða hvort nota ætti svið 655 til þess að auðkenna form. Einnig var rætt um fleira í 008 sviði, s.s. Target audience, Nature of contents o.fl. og hversu nákvæmlega ætti að nota það. Sigrún taldi að í framtíðinni verði mögulegt að leita í fellinglugga eftir formum. Lagt var til að nota 008 sviðið eins mikið og hægt er og e.t.v. sleppa sviði 655. Ákveðið var að Þóra, Ragna og Auður munu hittast og gera tillögu um notkun á sviði 008. Ákveðið að útbúa handbók um það hvernig fylla eigi út 008 sviðið í Gegni.

3. Leitarhæf svið.

Komið hefur verið á fót fjögurra manna vinnuhópi, sem skoða á leitir í Gegni og einnig útlit Gegnis. Vinnuhópurinn mun koma með tillögur um leitir og útlit Gegnis. Þóra sagði frá fundi yfirfærsluhóps Fengs með fulltrúum Landskerfis bókasafna og stjórn Aleflis, notendafélags Gegnis þar sem m.a. voru rædd ýmis atriði varðandi leitir í Gegni. Á þeim fundi kom fram gagnrýni á leitarniðurstöður þar sem þær eru í mörgum tilfellum of víðar og villandi. Þar var ákveðið að beina því til skráningarráðs að athuga að gera svið 041\$b – útdráttur og svið 245\$c – ábyrgðaraðild ekki leitarhæf. Þórdís benti á notkun á samræmdum titli í sviði 240 og einnig titilskráningu í sviði 245 og hvernig það kæmi fyrir sjónir notenda í almenningaðgangi. Ákveðið að fela leitarhópnum að skoða þessi atriði.

4. Myndbönd, ábyrgðaraðild.

Lagt var fram erindi frá Gunnhildi Björnsdóttur, bókasafni L.H.Í. Þar kemur fram að við skráningu á myndböndum, er notað svið 508, en það svið birtist ekki í almenningaðganginum.

Athugað verður að birta svið 508 í almenningaðgangi, en nota svið 700 fyrir ábyrgðaraðild. Gera þarf svið 508 birtingarhæft

Rætt var um að skrá í 856 sviði slóð fyrir erlenda gagnabanka, en það svið er notað til að staðsetja og gera aðgengilega erlenda gagnabanka, t.d. við skráningu á myndböndum og mynddiskum.

Guðný tók að sér að athuga hvernig einfaldast er að komast inn á rétta slóð gegnum svið 856.

Rætt var um ábyrgðaraðild að ritröð. Í sviði 440 er ekki gefinn kostur á að skrá ábyrgðaraðild. Athugasemdir um ábyrgðaraðild að ritröð þarf að skrá í svið 508 og einnig aukafærslu í svið 700.

Ábyrgðaraðild að myndböndum var rædd. Athuga þarf hvort velja á leikstjóra eða titil sem höfuð á myndbönd og athuga hvernig færslur úr Feng og færslur í Gegni falla saman í þessu efni. Samræma þarf skráningu á myndböndum.

5. Tímaritaskráning

Lagður var fram listinn yfir tímarit (frá fundi 8. janúar 2004), sem hafa verið greiniskráð í Gegni af Landsbókasafni Íslands-Hákólabókasafni.

Þóra lagði fram lista yfir tímarit, sem efnistekin eru í Borgarbókasafninu í Feng en á þeim lista eru einungis tímarit, sem koma út núna. Vegna sameiningar Fengs og Gegnis var farið yfir efnisteknu tímaritin í Feng og merkt við þau tímarit, sem ekki eru efnistekin í Gegni. Einnig var lagður fram listi frá Kennaraháskóla Íslands (frá fyrri fundi) yfir tímarit, sem hafa verið efnistekin þar og verða áfram greiniskráð þar. Ákveðið var að þessi þrjú söfn haldi utan um greiniskráningu og skipti með sér verkum.

Síðar þegar sérsöfnin koma inn í Gegni, þarf að athuga hvort þau söfn taka að sér að greiniskrá tímarit, sem falla undir sérsviðin.

Bókasafn Listaháskóla Íslands mun taka að sér greiniskráningu tímarita á sviði lista þegar það telur sig tilbúið til að sinna því verkefni.

Auði var falið að kanna hvaða tímarit bókasafns Landspítala mun taka að sér að greiniskrá.

6. Önnur mál

Þórdís vakti athygli á, að í fullri færslu í almenningaþgangi birtist BK sem form. Það er formgreining BOOK en ekki Bókasafn Kópavogs (BK), sem hefur misskilist á þann veg. Sigrún ætlar að athuga hvort hægt er að lagfæra þetta.

Þórdís benti á, að þegar marksniðið er skoðað í almenningaþgangi Gegnis er hægt að sjá hverjir eru skrásetjarar og hversu oft farið er inn í færsluna og hún lagfærð. Sigrún ætlar að kanna möguleika á að taka þetta út.

Þórdís benti líka á, að eldri færslan úr Gamla Gegni hangir enn við færslurnar í Gegni. Sigrún taldi að því yrði eytt fljótlega.

Rætt var um notkun á sviðum 810 og 830 í sambandi við ritraðir, sem skráðar eru á stofnanir. Lagt til að athugað verði hvort ekki væri nóg að skrá ritröð í 440 og stofnun í 710.

Auður benti á að taka þyrfti ákvörðun um hvernig skrá á lög . Hvort nota ætti undirsvið í sviði 110 aðalhöfuð stofnanaöfn eða 240 samræmdan titil.

Taka þarf ákvörðun um þessi mál og setja reglur.

Þóra hefur svarað bréfi frá Bókasafni Hafnarfjarðar, lagt fyrir fund Skráningarráðs 12. janúar 2004.

Næsti fundur skráningarráðs verður haldinn fimmtudaginn 4. mars kl. 14:00.

Fundi slitið kl. 16:00.

Fundarritari:

Herdís Tómasdóttir